

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 418/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jóni Kristjáni Jacobsen

(Stefán Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1996 að ósk ákærða einvörðungu til endurskoðunar á refsingu. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða. Ákærði krefst vægustu refsingar, er lög leyfa.

Ákærði var í héraðsdómi sakfelldur fyrir að hafa flutt inn til landsins 955 grömm af amfetamíni, sem fundust við tollskoðun í Reykjavík 30. október 1995, en ákærði hugðist selja efnið hér á landi í ágóðaskyni. Þykir atferli þetta réttilega heimfært í héraðsdómi til 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, en bann er lagt við innflutningi amfetamíns með 1. gr. reglugerðar nr. 16/1986, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 177/1986.

Það athugist, að dómur, sem ákærði hlaut 23. desember 1992, var skilorðsbundinn og hefur ekki ítrekunaráhrif samkvæmt 61. gr. almennra hegningarlaga. Með þeirri athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem draga ber frá refsingu hans, stóð frá 3. nóvember, en ekki 3. október, eins og segir í dómsorði héraðsdóms, til 16. sama mánaðar 1995.

Ákærði verður dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristján Jacobsen, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði, en til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans 3.–16. nóvember 1995.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efnis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar og
Hrafns Bragasonar

Samkvæmt matsgerð Porkels Jóhannessonar prófessors 16. nóvember 1996 innihélt sýni það, sem hann tók til rannsókna, glúkósu og sykuralkóhól. Magn amfetamínsúlfats í sýninu var 33%, sem svarar 24% af amfetamínbasu. Hér er því ekki um sterkt efni að ræða. Rétt er því og betur í samræmi við réttarframkvæmdina að heimfæra brot ákærða til 2. mgr. 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og 13/1985, og reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, en málið var nægilega sótt og varið, svo að komast mætti að þessari niðurstöðu, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með vísan til framanritaðs og þess, sem segir í atkvæði meiri hluta dómara um áhrif dóms þess, sem ákærði hlaut 23. desember 1992, er rétt, að ákærði sæti fangelsi í 3 ár. Með þessum athugasemdum erum við að öðru leyti samþykkir atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. október 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 9. október, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 595/1996: Ákærvaldið gegn Jóni Kristjáni Jacobsen, á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. júlí sl. og birtu 4. september sl., á hendur Jóni

Kristjáni Jacobsen, Meistaravöllum 17, Reykjavík, kennitala 261266-5989, fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni með því að hafa í fyrri hluta september 1995 keypt verulegt magn af amfetamíni í Rotterdam, komið efninu fyrir í myndastyttu og gert ráðstafanir til þess, að hún yrði send hingað til lands. Í samræmi við þetta var efnið sent í styttni til Reykjavíkur, þar sem það fannst við tollskoðun 30. október 1995. Reyndist um að ræða 955 g af amfetamíni, sem ákærði hugðist selja hér á landi í ágóðaskyni.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 4/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að framangreint amfetamín verði gert upptækt samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Ákærði hefur gengist skýlaust við broti sínu. Með málið er farið samkvæmt 129. gr. laga nr. 19/1991.

Málsatvikum er rétt lýst í ákæru. Hinn 7. september 1995 fór ákærði til Hollands og kom aftur 15. s. m. Mánudaginn 30. október 1995 tóku tollverðir á tollpóststofunni pakka frá Rotterdam til skoðunar. Viðtakandi var skráður Johansson, J., Hraunbæ 26, Reykjavík, en sendandi Dubbelman. Í pakkanum var tréstyttu í líki mörgæsar og í henni amfetamín, sem tollgæslumenn fjarlægðu. Í stað efnisins var sett óvirk efni og búnaður, sem gerir fært að fylgjast með sendingunni. Var síðan búið um sendinguna aftur, og 1. nóvember var pakkanum komið fyrir á pósthúsinu í Hraunbæ, en þangað sótti hann Jóhann nokkur Jóhannsson daginn eftir, en ákærði sótti styttna heim til Jóhanns. Styttan fannst síðan falin í Rauðhólum 3. október. Var ákærði handtekinn og viðurkenndi að hafa keypt efnið ytra og skipulagt innflutning þess í hagnaðarskyni. Sat hann í gæsluvarðhaldi frá 3. nóvember til 16. nóvember 1995.

Í rannsóknargögnum kemur fram, að „götuverð“ á amfetamíni sé um 4.000 – 5.000 krónur hvert gramm, svo að efnið hefði mátt selja á 3.820.000 til 4.775.000 krónur. Var ákærði yfirheyrdur fyrir dómi 16. nóvember sl. Sagðist hann þá hafa greitt um 3.000 gyllini fyrir efnið og búist við að fá fyrir það þrjár til þrjár og hálfa milljón króna.

Sýni af efninu var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði til rannsóknar. Samkvæmt matsgerð Þorkels Jóhannessonar prófessors, dags. 6. febrúar 1996, reyndust í sýninu amfetamín, glúkósa og sykuralkóhól. Magn amfetamín-súlfats í sýninu var 33%, sem samsvara 24% af amfetamínbasa.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dóminum. Kveðst hann hafa keypt 450 g af amfetamíni í Rotterdam í byrjun september, drýgt það með 500 gr af mjólkursykri og fengið seljandann til að senda efnið í mörgæsarstyttu í pósti á nafn Jóhanns Jóhannssonar, eftir að ákærði var kominn heim. Hann

segir svo hafa getað farið, að hann seldi allt efnið í einu lagi, og hefði þá gróðinn ef til vill ekki orðið nema 1 – 1,5 milljónir króna.

Ákærði segist hafa verið í sambúð, þegar brotið var framið. Á hann barn með sambýliskonu sinni, fætt 14. ágúst 1995. Fjölskyldan bjó hjá foreldrum stúlunnar og átti í fjárhagserfiðleikum. Var ákærði atvinnulaus og hafði orðið fyrir slysi um sumarið. Þau höfðu hug á að koma undir sig fótunum, og var brotið liður í þeirri áætlun. Hann segir þau nú búa í leiguíbúð og vera að reyna að koma undir sig fótunum löglega. Hann hefur fasta vinnu sem sölumaður.

Með skýlausri játningu ákærða, sem hefur næga stoð í skýrslu hans og rannsóknargögnum, þar á meðal sýnilegum sönnunargögnum, þykir fullsannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök.

Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 eru kaup, innflutningur og sala ávana- og fíkniefna bönnuð. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 16/1986 telst amfetamín til þeirra. Samkvæmt 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, varða brot á lögnum sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Samkvæmt 173. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974, skal sá sæta allt að tíu ára fangelsi, sem gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni kaupir eða flytur inn ávana- og fíkniefni í því skyni að láta þau mörgum mönnum í té eða gegn verulegu gjaldi. Brot ákærða er stórfellt og telst því réttilega heimfært til refsíákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1985 til 1996 gengist undir fimm dómsáttir, aðallega fyrir umferðarlagabrot. Hinn 23. desember 1992 var hann dæmdur fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni í átta mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár. Hinn 28. apríl 1995 var ákærði dæmdur í 80.000 króna sekt og ökuréttarsviptingu fyrir umferðarlagabrot, m. a. brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Hinn 24. júlí 1995 var ákærði dæmdur í 120.000 króna sekt fyrir ýmis umferðarlagabrot, m. a. brot gegn áðurgreindri 1. mgr. 48. gr. Hinn 20. september 1995 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni, og 27. október sl. sættist ákærði á greiðslu 60.000 króna sektar og tólf mánaða ökuréttarsviptingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni og 45. gr. umferðarlaga. Hinn 29. febrúar sl. var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald, hegningarauka, fyrir brot á 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Brot ákærða, sem hér er fjallað um, var framið, áður en hann gekkst undir síðastgreinda sátt og hlaut síðast dóm, og verður því höfð hliðsjón af ákvæðum 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar hans.

Ákærði virðist hafa haft styrkan og einbeittan vilja til að fremja brot sitt. Brot hans beindist að mikilvægum þjóðfélagshagsmunum, og hefði efnið komist á markað, hefði þeim, sem neyttu þess, verið mikill háski búinn.

Samkvæmt 8. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. 1. gr.

laga nr. 13/1985, varða ítrekuð brot gegn lögunum aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning og dreifingu ávana- og fíkniefna. Brot gegn 173. gr. a laga nr. 19/1940 varða jafnframt við lög um ávana- og fíkniefni. Ákærði hefur áður verið dæmdur fyrir kaup og innflutning á fíkniefnum, sem hann hugðist selja í ágóðaskyni. Samkvæmt þessu hefur brot, sem ákærði var dæmdur fyrir 23. desember árið 1992, ítrekunaráhrif á brot það, sem nú er dæmt um. Auk þess ber að líta til þess, að ákærði hefur í þrjú skipti önnur sætt refsingu fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni, þar á meðal fyrir að hafa í vörslum sínum amfetamín og alsælutöflur, sem hann hugðist selja til að fjármagna eigin fíkniefnaneyslu. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af framanrituðu fangelsi í þrjú ár og sex mánuði, en gæsluvarðhaldsvist komi til frádráttar refsivist. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinnar þóknunar skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., og saksóknarlauna og til að sæta upptöku á 955 grömmum af amfetamíni.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Kristján Jacobsen, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði, greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 35.000 krónur, og 35.000 krónur í saksóknarlaun og sæti upptöku á 955 grömmum af amfetamíni. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhald frá 3. október til 16. nóvember 1995.
